

Umsögn um drög að frumvarpi um Hálandisþjóðgarð

Það er gott mál að stofna hálandisþjóðgarð ef þess er gætt að það hefti ekki eðlilega æskilega þróun heldur styðji hana.

Við viljum halda í við aðrar þjóðir hvað varðar lífskjör og velsæld. Gera má ráð fyrir að okkur Íslendingum fjölgi í framtíðinni og við viljum geta lagt gott til málanna út á við. Til þessa að geta þetta allt og meira til þurfum við að auka nýtingu landsins okkar ekki ósvipað því ef við hugsum okkur að hér byggju 35 milljónir manna en ekki bara 350 þúsund manns.

Hér eru nokkur atriði sem við þurfum að gera ráð fyrir á næstu áratugum og snertir hálandið:

- Hálandisvegir milli landshluta
- Aukin orkuframleiðsla og orkuflutningar frá virkjunum
- Að hætta lausa göngu búfjár
- Gera þarf ráð fyrir byggðakjörnum á nokkrum stöðum.

Nánar um þetta hér á eftir.

Hálandisvegir milli landshluta eru umhverfisvænir

Uppbyggðir heilsárs hálandisvegir milli landshluta eru umhverfisvænir og orku sparandi því þeir stytta leið milli landshluta. Þá opna þeir almenningi aðgengi að hálandinu og styðja þannig við nýtingu almennings á hálandisþjóðgarði ef vel er að verki staðið.

Aukin orkuframleiðsla og nauðsynlegur orkuflutningur frá virkjunum

Ísland hefur eiginleika sem valda því að vindorka getur orðið ein af nauðsynlegum undirstöðum velferðar í framtíðinni. Vindorka er mjög umhverfisvæn orka. Mikilvægt er að gera ráð fyrir nokkrum stórum vindorkugörðum á hálandinu. Á hálandinu eru margir góðir staðir fyrir vindorkugarða, þar sem þeir munu valda tiltölulega lítilli sjónmengun því tiltölulega fáir heimsækja þá, jafnvel þó umferð um hálandið myndi stóraukast með tilkomu uppbyggðar hálandisvega. Vindorkugarðar í byggð valda meiri sjónmengun en ef þeir eru á stöðum sem fáir heimsækja og þá aðallega á sumrin. Í raun höfum við Íslendingar einstakt tækifæri hvað þetta varðar. Víða erlendis, þegar ekið er um til dæmis í Frakklandi sér maður gríðarlegt magn af vindmyllum. Hér myndi þetta ekki þurfa að vera eins því við höfum stórt óbyggt svæði hálandið sem er tilvalið. Það þarf þó ekki að vera út um allt, heldur á völdum afmörkuðum stöðum.

Nú er unnið að nýrri orkustefnu. Vonandi tekst vel til þar, því það eru mikil umhverfisvæn tækifæri í þeirri endurnýjanlegu orku sem við Íslendingar höfum aðgang að.

Við verðum geta flutt orku frá virkjunum og milli landshluta. Loftlínur valda minni sjónmengun þar sem fáir sjá þær. Það má koma línunum þannig fyrir á hálandinu að jafnvel þó þar yrði talsverð umferð til dæmis þegar þar væru komnir uppbyggðir heilsárs hálandisvegir þá gætu línurnar verði þannig staðsettar að þær valdi lítilli sjónmengun.

Að hætta lausa göngu búfjár er umhverfisvænt

Lausa ganga búfjár um viðkvæmt hálandið er mjög óumhverfisvæn. Ef henni verður hætt mun gróður dafna hér og þar á hálandinu. Það bindur jarðveginn og það bindur gróðurhúsalofttegundir og er því mjög umhverfisvæn ráðstöfun.

Byggðakjarnar

Hálandisþjóðgarður er lítils virði ef almenningur fær ekki notið hans, bara fólk sem hefur efni á því að ferðast á sérbyggðum farartækjum takandi búnað til gistingar og mat allan með sér.

Trausti Valsson, arkitekt og prófessor emerítus við HÍ lagði eitt sinn til að á hálendinu miðju rísi borg. Margt er áhugavert við þá hugmynd.

Hvort sem það verður eða ekki þarf að gera ráð fyrir að á nokkrum stöðum á hálendinu rísi byggðakjarnar sem tengjast nýtingu hálendisins sem útivistarparadísar og langferðum milli landshluta með tilkomu hálendisvega. Sjá má fyrir sér friðsæl fjallapörp með hótelum og þjónustu þar sem fólk dvelur í áhugaverðu umhverfi sér til heilsubótar.

Arðsemi hálendisþjóðgarðs

Ef hálendisþjóðgarður takmarkar ofangreint um of er afar hæpið að hann verði eins hagkvæmur og sumir hafa haldið fram. Skoða þarf forsendur þess mats betur.

Reykjavík 9.1.20

Guðjón Sigurbjartsson,
viðskiptafræðingur

Tilvísanir:

Hálendisvegir, arðsemi og áhrif – Grein - <https://gudjonsigurbjarts.com/halendisvegir/>

Framsækin orkustefna getur skilað miklu – Grein eftir Egill Benedikt Hreinsson, rekstrarverkfræðing, prófessor emerítus í raforkuverkfræði og Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðing, f.v. fjármálastjóra Rafmagnsveitu Reykjavíkur - <https://gudjonsigurbjarts.com/framsaekin-orkustefna-getur-skilad-miklu/>